

Stjórnarfundur 4

Dagsetning:

Tue, 03/04/2012

Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð nr.4, 2. apríl 2012 kl. 10.00

Þátttakendur: Halldór Sighvatsson, Vilborg Jónsdóttir, Daði Þór Einarsson og Eggert Björgvinsson

- Frá síðasta stjórnarfundu hafa farið fram mikil samskipti í netheimum. Aðallega um skráningu á landsmót.
 - Byrjað á að yfirfara skráningarlista og hvernig raðast í sveitir á landsmótið.
 - Á mótið eru skráðir 595 hljóðfæraleikarar.
 - **Appelsínugulur: 86**
 - **Gulur: 106**
 - **Rauður: 152**
 - **Grænn: 118**
 - **Blár: 81**
 - **Slagverk: 52**
-
- Farið yfir raddskipan og skoðað hvort þurfi að færa eitthvað á milli sveita. Spurning hvort rauða sveitin sé of stór?
 - Niðurstaðan að ekki eigi að fara í stórar tilfærslur en æskilegt að færa klarinett frá grænni sveit yfir í bláa og færa trompeta milli 1. og 2. radda í grænni og blárri.
 - Stjórnendum raðað í sveitir:
 - **Appelsínugulur: Aðalstjórnendur: Gillian og Jóhann Morávek**
 - Aðstoðarmenn: Vigdís Klara, Trausti, Sveinn Sig., Guðbrandur
 - **Gulur: Aðalstjórnendur: Martin og Jóhann Björn**
 - Aðstoðarmenn: Margrét, Edward, Harpa, Steinar
 - **Rauður: Aðalstjórnendur: Kári og Skarphéðinn**
 - Aðstoðarmenn: Össur, Ari, Ian, Ása Berglind
 - **Grænn: Aðalstjórnendur: Einar Jóns. og Eypór**
 - Aðstoðarmenn: Magdalena, Valdimar, Áki
 - **Blár: Aðalstjórnendur: Alberto og Jóhann Stefánsson**
 - Aðstoðarmenn: Lárus, Karen, Gestur
 - **Slagverk: Aðalstjórnendur: Þorvaldur og Baldur**
 - Aðstoðarmenn: Heiðrún, Daníel Sveinn Birgisson
-
- Sent verður út bréf til stjórnenda með þessum upplýsingum
 - Slagverkið þarf að skoða sérstaklega þar sem ekki er ljóst hvort skráning þar sé rétt. Stjórnendur þurfa að athuga hvort þeir hafi réttilega skráð sína slagverksmenn í hljómsveitir eða hvort þeir hafi ætlað að slagverksleikarar æfi í slagverkshópi en geti líka verið í hljómsveitunum.
 - Stjórn þarfa að fá upplýsingar frá gjaldkera fyrir aðalfund vegna landsmóts á Selfossi ásamt ýmsum kostnaðarupplýsinga.

- Það vantar nýjan gjaldkera í stjórn. Halldór búinn að skoða málið og er með nokkra í sigtinu.
 - Í SÍSL eru 22 sveitir virkar
 - C/D nótnapakki fór til 21 sveitar
 - A/B nótnapakinn fer til allra og allir verða að borga fyrir sína pakka. Óheppilegt að C/D nótnapakinn fór á þetta gjaldaár, það verða því tveir nótnapakkar á þessu ári.
 - Mjög nauðsynlegt að skoða hvernig verður með heimasíðuna. Malcolm vill draga sig út úr því. Hver getur tekið við af honum?
 - Senda þarf upplýsingar til sveitanna um Prúðmennskubikarinn sem er fyrir framkomu, umgengni, kurteisi og annað sem þykir til fyrirmyndar. Bera virðingu fyrir öðrum og eignum annarra, hlýta reglum um ró á gististöðum, ganga vel um og ganga frá eftir sig í matsal.
 - Stjórn leggur til að Jóhann Morávek verði fundarstjóri og Einar Jónsson fundarritari
 - NoMU á aðalfundi þarf að ræða hvort SÍSL vill halda áfram að vera í NoMU. Reikningur fyrir þátttöku var sendur út núna og boðað til fundar í Noregi 14. Apríl næstkomandi.
 - Vilborg leggur til að SÍSL og SÍL sameini krafta í sína í þátttöku í NoMU og athugi hvað verður um áframhald þar hvort Ísland eigi að vera aðili að þessu félagi.
 - Á aðalfundi þarf að ræða um komandi landsmót, hvenær þau eiga að vera og hvar?
 - Hverjir eiga að halda mótin? SÍSL eða mótshaldarar?
-
- Fundi slitið kl. 13.00